

Sjöundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 9. júlí 2026, klukkan 20:00.

Mætt eru: Eggert Kjartansson, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Pröstur
Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við
dagskrá fundarins og verða það mál nr. 9 á dagskrá fundarins, fjarskiptamál.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Drög að samþykktum fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga lögð
fram til fyrri umræðu.

Samþykkt samhljóða að vísa samþykktum til seinni umræðu.

2. Erindi frá Birki Ólafssyni

Lagt er fram erindi frá Birki Ólafssyni, dags. 13. júní 2026. Í erindi sínu óskar Birkir eftir að fá
afnot af Laugargerði, landi og byggingum fyrir útilegu og sveitaball, 13.-16. ágúst n.k.

Til máls tóku: SO, GG, VGS, ÞA, EK.

Í ljósi þess að land og byggingar í Laugargerði eru nú í söluferli, sér sveitarstjórn sér ekki fært að
verða við þessari beiðni Birkis.

Samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að svara erindinu.

3. Erindi frá Gísli Guðmundssyni

Lagt er fram erindi frá Gísli Guðmundssyni, dags. 4. júlí 2026.

Í erindi sínu vill Gísli koma á framfæri þakklæti til sveitarstjórnar fyrir þau áform sem að eru um
lagfæringar á menningarhúsi sveitarinnar á Breiðabliki. Þar sem að upplýsingar um verkefnið
hafa ekki verið nægjanlega góðar í fundargerðum sveitarstjórnar að hans mati óskar hann eftir
svörum við eftirfarandi spurningum:

- a) Hvaða framkvæmdir á að gera á Breiðabliki ?
- b) Hvað er gert ráð fyrir að þær framkvæmdir muni kosta ?
- c) Kom ekki til álita að bjóða verkefni út skv. innkaupareglum sveitarfélagsins ?
- d) Áður hafa komið fram áform um lagfæringu á umhverfi og lóð hússins – er gert ráð fyrir að fara í það verkefni núna eða eru áform um það í framhaldinu ?
- e) Hvaða tekjur hefur sveitarfélagið haft af húsinu síðustu 4 ár ?
- f) Með tilliti til þeirra framkvæmda sem nú standa fyrir dyrum og þeirra fjármuna sem gert er ráð fyrir að fari í þetta menningarhús – hver eru áformin um nýtingu hússins á komandi árum ?

Til máls tóku: EK, SO, ÞA, VGS.

Oddvita falið að taka saman gögn og svara erindi Gísla og jafnframt að leggja þau svör fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá Sigurði Jónssyni og Guðbjörgu Gunnarsdóttur

Guðbjörg Gunnarsdóttir vikur af fundinum.

Lagt er fram erindi frá Sigurði Jónssyni og Guðbjörgu Gunnarsdóttur, dags. 6. júlí 2026. Í erindi sínu bjóða Sigurður og Guðbjörg sveitarfélaginu garðhýsi sem að staðsett er við húsnæði sem að þau leigja af sveitarfélaginu í Laugargerði.

Til máls tóku: EK, ÞA, SO, VGS.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar sveitarstjórnar.

Guðbjörg Gunnarsdóttir kemur aftur inn á fundinn.

5. Ágangur búfjár

Beiðnir um smölun ágangsfjár hafa borist sveitarfélaginu frá landeigendum.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum sínum af málinu, bæði hvað varðar sauðfjárbændur og aðra landeigendur. Sveitarstjórn leggur til að komið verði á samtali milli sauðfjárbænda, landeigenda og Vegagerðarinnar með lausn á málinu að markmiði.

Til máls tóku: SO, EK, ÞA.

Samþykkt er samhljóða að fela oddvita að gangast fyrir að koma á samtali milli hlutaðeigendi aðila sem allra fyrst.

6. Almyrkvi 12. ágúst 2026

Oddviti leggur til að á Breiðabliki verði aukin þríf á snyrtingum vegna væntanlegra fleiri gesta á svæðið í kringum almyrkvann. Þá leggur oddviti til að komið verði fyrir gámi fyrir almennt sorp á Breiðabliki, 10.- 14. ágúst n.k.

Til máls tóku: SO, EK, VGS, GG, ÞA

Samþykkt samhljóða.

7. Þjóðaratkvæðagreiðsla 29. ágúst 2026 – kjörstaður

Oddviti leggur til að kjörstaður í Þjóðaratkvæðagreiðslu þann 29. ágúst 2026 verði á Breiðabliki.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti falið að auglýsa innan tilskilins frests.

8. Sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins

Oddviti leggur til að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokað frá og með 20. júlí til 10. ágúst n.k.

Samþykkt samhljóða.

9. Fjarskiptamál

Fyrir á árinu var 2G og 3G farsímakerfum lokað á landinu öllu.

Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun vegna málsins:

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps lýsir yfir miklum áhyggjum af þeim afleiðingum sem lokun 2G og 3G farsímakerfa hefur haft fyrir íbúa og atvinnulíf í dreifbýli.

Í kjölfar lokunarinnar hefur komið í ljós að fjölmörg tæki og búnaður sem byggja á eldri farsímataækni hafa hætt að virka eða starfa með takmörkuðum hætti. Þetta á meðal annars við um búnað í landbúnaði, öryggis- og vöktunarkerfi og annan mikilvægan fjarskiptabúnað. Slíkt hefur valdið rekstrartruflunum, auknum kostnaði og skert öryggi í dreifðum byggðum. Sveitarstjórn telur óviðunandi að jafn umfangsmikil breytingu á grunninnviðum samfélagsins hafi leitt til þess að íbúa og fyrirtæki sitji uppi með aukinn kostnað og skerta þjónustu. Sérstaklega vekur það upp áhyggjur að farsímasamband hefur versnað til muna á svæðum þar sem farsímasamband þótti með ágætum, fyrir lokunina.

Sveitarstjórn ítrekar að örugg og áreiðanleg fjarskipti eru grunnforsenda búsetu, atvinnurekstrar, almannavarna og neyðarþjónustu um land allt. Ekki verður við það unað að íbúar dreifbýlis búi við lakari fjarskiptaþjónustu en aðrir landsmenn vegna breytingu á fjarskiptainnvíðum.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps skorar á stjórnvöld, fjarskiptafyrirtæki og viðeigandi eftirlitsaðila að bregðast tafarlaust við þeim vandkvæðum sem að komið hafa upp í kjölfar

lokunarinnar og tryggja að fjarskiptaþjónusta í dreifbýli sé að lágmarki sambærileg við þá þjónstu sem áður stóð til boða, helst betri.

Til máls tóku: EK og SO.

Samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að koma bókuninni á framfæri fyrir hönd sveitarfélagsins við Innviðaráðuneytið og Fjarskiptastofu.

10. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Eyja- og Miklaholtshrepp

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Eyja- og Miklaholtshreppi lagðar fram.

11. Breiðablik – framkvæmdir

Oddviti fór yfir gang mála í framkvæmdum við Breiðablik. Fór yfir fundi sína með byggingarstjóra og verktaka og næstu skref í framkvæmdunum.

12. Skólavist utan þjónustusamnings

Oddviti upplýsir að hún hafi samþykkt beiðnir fyrir 10 börn um skólavist utan þjónustusamnings fyrir komandi skólaár, 2026-2027.

4 nemendur í Snæfellsbæ, allir á grunnskólaaldri. 6 nemendur í Borgarbyggð, á grunn- og leikskólaaldri.

13. Aðalfundarboð Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Aðalfundarboð Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga lagt fram.

Oddviti er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

14. Úrskurður nr. 3/2026 – Úrskurðarnefnd kosningamála

Úrskurður nr. 3/2026, Úrskurðarnefndar kosningamála vegna kæru vegna sveitarstjórnarkosninga í Eyja- og Miklaholtshreppi lagður fram.

Til máls tók: ÞA og EK.

Óskað er eftir að kallað sé eftir öllum gögnum vegna málsins og tekin verði saman kostnaður og lagt fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

15. Úrskurður nr. 4/2026 – Úrskurðarnefnd kosningamála

Úrskurður nr. 4/2026, Úrskurðarnefndar kosningamála vegna kæru vegna sveitarstjórnarkosninga í Eyja- og Miklaholtshreppi lagður fram.

Til máls tók: ÞA og EK.

Óskað er eftir að kallað sé eftir öllum gögnum vegna málsins og tekin verði saman kostnaður og lagt fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

16. Ályktanir auka aðalfundar Samtaka sveitarfélga á Vesturlandi

Lagðar eru fram eftirfarandi ályktanir auka aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, sem að haldinn var í Borgarnesi 1. júlí 2026; Börn með fjölþættan vanda, Breiðafjarðarferjan Baldur og Stofnun innviðafélags.

Til máls tóku: ÞA, EK, SO.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps tekur heilshugar undir ályktanirnar þrjár.

17. Fundargerð 202. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

18. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

19. Fundargerð 998. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

20. Fundargerð 999. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

21. Fundargerð 1000. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 21:30 .

Undirritunarsíða

Sigurbjörg Ellen Ottesen

Pröstur Aðalbjarnarson

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Eggert Kjartansson